

Sp.

44. Fyrirspurnir.

[44. mál]

- I. Til heilbrigðismálaráðherra um bættu læknaþjónustu í strjálbýli og endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hvað liður framkvæmd tveggja þingsályktana frá 22. apríl 1970, um bættu læknaþjónustu í strjálbýli og um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar?

- II. Til ríkisstjórnarinnar um rannsókn möguleika til notkunar raforku til upphitunar.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hvað liður rannsókn, sem unnið hefur verið að, á möguleikum til notkunar raforku til upphitunar?

- III. Til samgönguráðherra um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hvað liður framkvæmd þingsályktunar 27. marz 1968 um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri?

- IV. Til heilbrigðismálaráðherra um byggingu fæðingar- og kvensjúkdómadeildar við Landsspítala Íslands.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hversu langt er nú komið byggingarframkvæmdum við hina nýju fæðingar- og kvensjúkdómadeild Landsspítalans?
2. Hvenær má ætla, að byggingarframkvæmdum verði lokið, svo að starfsemi geti hafizt í hinum nýju húsakynnum?

- V. Til menntamálaráðherra um úthlutun fjárveitingar til jöfnunar námskostnaðar skólafólks.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Eftir hvaða reglum var úthlutað því fé — 10 millj. kr. — sem ætlað var á fjárlögum þessa árs til jöfnunar námskostnaðar skólafólks, er stunda verður nám fjarri heimilum sínum?
2. Til hve margra náði úthlutunin, og á hvaða skólastigum voru þeir?
3. Til hvers bendir reynsla þessa árs um fjármagnspörf til viðunandi jöfnunar á aðstöðumun námsfólks að þessu leyti?